Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 23. nóvember 2026
MSS26110061

UMSÖGN

Efni: **Tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2027**

Vísað er til bréfs Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), dags. 16. nóvember 2026, þar sem lögð er fram tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2027.

Fram kemur að á 50. aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), sem haldinn var þann 13. nóvember 2026, hafi verið fjallað um starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2027, hún lögð fram og samþykkt.

Forsendur fjárhagsáætlunar séu þær helstar að gert er ráð fyrir að almennir rekstrarliðir hækki um 5,3% (neysluvísitala) og laun almennt samkvæmt ramma kjarasamninga. Gert er ráð fyrir því að tekjur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hækki milli ára og verði 65 m.kr. Lagt er til að árgjald aðildarsveitarfélaga verði 180 kr. á hvern íbúa höfuðborgarsvæðisins á árinu 2027 og hækki úr 176 kr. á hvern íbúa frá fyrra ári, Hækkunin nemur 2,5%. Áætlunin gerir því ekki ráð fyrir teljandi áhrifum á framlög sveitarfélaganna á árinu 2027.

Fram kemur að aukin kostnaður verði vegna fjölgunar stöðugildis á skrifstofu samtakanna með tveggja ára aðlögun í framlögum sveitarfélaganna. Samtökin verði þá rekin með halla á árunum 2027 og 2028, og gengið þannig á uppsafnað eigið fé meðan aðlögunin á sér stað. Þá kemur fram að huga þurfi að því að aukinn kostnaður kunni að falla til vegna veikleika í girðingum og að setja þurfi upp netgirðingar þar sem við á auk annarra verkefna sem tíunduð eru nánar í fylgiskjölum.

Sá áætlaði kostnaður sem fellur á Reykjavíkurborg fyrir árið 2027 miðast við hlutfallsskiptingu íbúafjölda þann 1. ágúst 2026 sem er 55,9% eða sem nemur 26.515.440 kr. Fyrir árið 2026 var framlagið 25.791.744 kr. og hefur það því hækkað á milli ára um 723.696 kr. Skrifstofa borgarstjórnar (kostn.st. 01080) hefur greitt árgjald til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík